

**Sp.**

**154. Fyrirspurn**

[140. mál]

til utanríkisráðherra um greiðslu kostnaðar vegna dvalar hollenskrar hersveitar á Íslandi og réttarstöðu hollenskra hermanna á Íslandi.

Frá Ólafi Ragnari Grímssyni.

1. Hver greiðir fæðis- og húsnæðiskostnað vegna dvalar hollenskrar hersveitar á Keflavík-urflugvelli og hver tekur við þeim greiðslum?
2. Hver greiðir eldsneytiskostnað vegna hollenskrar Orion P-3 flugvélar og kostnað við þær viðgerðir sem fram fara á henni hér á landi og hver tekur við þeim greiðslum?
3. Hafa hollenskir hermenn á Keflavíkurflugvelli rétt til að nota alla aðstöðu, t.d. verslanir, skemmtistaði og þjónustustöðvar, sem Bandaríkjamenn hafa komið upp og reka á Íslandi fyrir bandaríska hermenn?
4. Þar eð 12. gr. viðbættis við samning Íslands og Bandaríkjanna frá árinu 1951 gildir ekki um hollensku hersveitina sem hér hefur fengið aðstöðu, hvernig verður farið með:
  - a. kröfur um skaðabætur vegna tjóns á eignum, lífi eða limum manna;
  - b. dómsmál og kærur sem kunna að rísa vegna samskipta íslenskra borgara og hollenskra hermanna?
5. Hvort hafa bandarísk eða hollensk hernaðaryfirvöld lögsögu yfir hollensku hermönnum og eftirlit með þeim og hvort gilda hollensk eða bandarísk herlög þegar um er að ræða ákvæði í öðrum greinum samnings Íslands og Bandaríkjanna frá árinu 1951?
6. Ber að skilja tilvísun til 11. gr. viðbættis við samning Íslands og Bandaríkjanna frá árinu 1951, sem fram kom í fréttatilkynningu utanríkisráðuneytisins 19. júlí 1985, á þann veg að Bandaríkin séu fulltrúar Hollendinga gagnvart Íslendingum eða á „Holland“ að koma í stað „Bandaríkjanna“ í 1.—10. gr. samningsins þannig að í reynd sé búið að gera hliðstæðan „varnarsamning á milli Íslands og Hollands“ þegar fjallað er um réttindi og skyldur hinna hollensku hermanna?